

Ed.

136. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

16. gr. laganna orðist svo:

1. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna, er starfi í atvinnumálaráðuneytinu. Ennfremur er atvinnumálaráðherra heimilt að skipa einn trúnaðarmann í hverjum landsfjórðungi, er hafi á hendi eftirlit með sveitarstjórnarmálefnum í umdæmi sínu undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins.

Ráðherra ákveður þóknun fyrir störf eftirlitsmanns og trúnaðarmanna, og greiðist hún úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga.

2. gr.

18. gr. laganna falli burtu, og greinatalan breytist samkvæmt því.

3. gr.

Í stað orðanna „og er eftirlitsmanni þá skylt“, í 19. gr. laganna, sem verður 18. gr., komi: og er þá rétt.

4. gr.

Aftan við 21. gr. laganna, sem verður 20. gr., bætist: Getur þá atvinnumálaráðherra einnig vikið bæjarstjóra eða oddvita frá starfi og sett annan í hans stað til þess að fara með málefni bæjarins eða hreppsins, þó eigi lengur en eitt ár í senn.

5. gr.

22. gr. laganna, sem verður 21. gr., orðist svo:

Atvinnumálaráðherra skal leita álits og tillagna eftirlitsmanna sveitarstjórnarmálefna um skiptingu og úthlutun á fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til atvinnubóta.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.